

dómarinn um það, að gagnáfrýjandanum beri slíkar bætur, því það er augljóst, að þegar eins arðsöm eign og laxveiði gagnáfrýjandans í Elliða-
ánum, verður fyrir þríföldum árásum og skemmd-
um, þá hljóti það að fella hana mjög í verði í augum
manna, og af því er aptur eðlileg afleiðing, að
lánstraust hans fyrir þá sök hlýtur að rýrna,
og því fremur, sem hann er kaupmaður; verður
yfirráðgjafi einnig að vera því samdóma, að
upphæð þessara bóta verði látin vera komin
undir mati 2ja dómkvaddra óvilhallra manna, er
skyn bera á, þó má hún ekki meiri vera en
500 krónur.

Samkvæmt öllu því, sem að framan er talið,
ber að staðfesta undirrettardóminn, einnig að
því ákvæði hans um málskostnað snertir, og ber
aðaláfrýjandanum samkvæmt þessum úrslitum
málsins einnig að endurgjalda gagnáfrýjanda
málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega
metinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrettardómnum í máli þessu skal óraskað.
Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði aðaláfrýjand-
inn, Sæmundur bóndi Sæmundsson, gagnáfrýjand-
anum, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birting hans undir aðför að lögum.

Nr. 18/1881.

Kristinn bóndi Magnússon

gegn

Kaupmanni H. Th. A. Thomsen

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp í aukarjetti Gullbringu og Kjósarsýslu 9. dag ágústmán. f. á., var Kristinn bóndi Magnússon í Engey dæmdur til að greiða kaupmanni H. Th. A. Thomsen, sem rekur verzlun í Reykjavík, skaða og kostnaðarbætur fyrir rof og skemmdir á laxakistum og laxagörðum hans í Elliðaánum, 144 kr. 62 auro, bætur fyrir rýrnun á lánstrausti eptir mati 2ja dómkvaddra óvilhallra manna, með helming þeirrar upphæðar, er þeir menn ákvæðu, þó ekki meira en 500 krónur, og 30 krónur í málskostnað.

Þessum dómi hefur Kristinn bóndi Magnússon, eptir að hafa fengið uppreisn, skotið til yfirdómsins með stefnu, sem dagsett er 15. septembermán. f. á., og krafizt, að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur, eða þá að verða dæmdur alsýkn af kærum og kröfum kaupmanns Thomsens, en að Thomsen verði gjört að greiða allan afmálinu löglega leiðandi kostnað fyrir báðum rjettum með einhverju nægilegu. Hinsvegar hefur Thomsen kaupmaður gagnáfrýjað framan um getnum aukarjettardómi með stefnu, dagsettri 31. októbermán. f. á., og krafizt, sumpart, að undirrjettardómurinn verði staðfestur, sumpart, að honum verði breytt þannig, að aðaláfrýjandinn verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjandanum 644 kr. 62 auro í skaðabætur og allan málskostnað fyrir undir og yfirdómi með 100 kr., eða einhverju nægilegu.

Tildrög þessa máls eru þau, að 30 menn, og í þeirra tölu aðaláfrýjandi, tóku 25. júlí 1879 upp allar laxakistur gegnáfrýjanda þær, er hann hefur

í Elliðaánum, nema 1, skemmdu þær að mun, og brutu að nokkru leyti niður eða felldu laxagarða hans. Höfðu þessir menn tekið sig saman um að fremja ofbeldisverk þetta. Að unnu verki tilkynntu þeir landshöfðingjanum yfir Íslandi aðfarir sínar. Var síðan höfðað sakamál á hendur þeim fyrir þetta, en það hefur enn ekki hlotið fullnaðarúrslit; en gagnáfrýjandinn höfðaði mál gegn 2 af þeim, sem að verkinu voru, sem sje aðaláfrýjanda og Sæmundi bónda Sæmundssyni á Elliðavatni, sitt málið gegn hvorum þeirra, til bóta fyrir skaða þann, kostnað og rýrnun á lánstrausti, er hann hafði beðið af verknaði hinna 30 manna, og krafðist, að hvor þeirra yrði dæmdur til að greiða honum helming allra bóta svo og málskostnað allan.

Bætur þær, sem gagnáfrýjandinn þannig hefur krafizt af aðaláfrýjandanum, eru;

1. Helmingur varðkostnaðar til 2ja manna frá 25. júlímán. til 1. septemberm. 1879 60 kr. 80 a.
2. Helmingur kostnaðar við aðgjörð á veiðivjelunum 40 — 50—
3. Hálfur veiðimissir dagana 25., 26. og 27. júlímán. 1879 43 — 32—
4. Rýrnun á eign og lánstrausti, 1000 kr., helmingur þaraf 500 —

Samtals. 644 kr. 62 a.

Aðaláfrýjandinn hefur byggt kröfu sína um ómerking undirdómsins eða sýknu sína fyrst og fremst á því, að með því að allir þeir, sem að kistubrotinu unnu, gjörðu það í fjelagi, og þannig væru jafn valdir að því, þá sje sakarfjelag (litis consor-

tium) með þeim, þeir sjeu að því leyti sem einn maður, og því hefði gagnáfrýjandinn átt að höfða mál gegn þeim öllum í einu, eða, úr því hann aðeins höfðaði mál gegn 2 þeirra, þá hefði hann átt að höfða það mál gegn báðum þeim í sameiningu. En eins og þessar mótbáruur aðaláfrýjandans ekki geta valdið ómerkingu undirdómsins, þó þær væru á rökum byggðar, þannig hafa þær heldur ekki sem sýknarástæður við neitt að styðjast, því, eins og áður er sagt, þá er hjer að ræða um skaðabætur fyrir verk, sem margir menn höfðu tekið sig saman um að vinna og unnu í sameiningu, án þess að sagt verði, hvað hver einstakur þeirra vann að því, en af því leiðir, að hver einstakur þeirra, sem að verkinu voru, ber fulla ábyrgð á öllum þeim skaða, sem af verkinu hefur hlotizt. Með því að gagnáfrýjandanum var heimilt að sækja hvern einstakan af þeim, sem að kistubrotinu voru, til fullra bóta fyrir skaða þann, sem af því hlaut, þá var honum einnig heimilt að sækja hvern þeirra um svo mikinn hluta af skaðabótunum, sem honum leizt. Þar eð það nú er vitanlegt og ómótmælt, að gagnáfrýjandinn er eigandi að veiðivjelum þeim í Elliðaánunum, sem rifnar voru burt 25. júlí 1879, eins og hann líka er bæði landeigandi og veiðareigandi á því svæði, þar sem veiðivjelarnar voru, og með því það bæði er alkunnugt, og enda játað af aðaláfrýjandanum hjer fyrir yfirdóminum, að hann var einn í flokki þeirra manna, sem tóku sig saman um að rífa þessar veiðivjelar úr ánum, og sem framkvæmdu þessa ályktun sína fyr nefndan dag, og síðan lýstu verkinu opinberlega á hendur sjer, þá getur hann

ekki komizt hjá að gjalda skaða þann, sem af verkinu hefur hlotizt, að svo miklum hluta, sem gagnáfrýjandinn krefst.

Þegar þá kemur til þess að meta skaða þann, sem leitt hefur af kistubrotinu 25. júlímán. 1879, og sem gagnáfrýjandinn, eins og áður segir, hefur talið alls 1289 kr. 24 a., þá ber þess að gæta, að þar sem hjer er fullsannað, að framið hefur verið ofrikisverk á eign gagnáfrýjandans, svo að hann hefur bedið tjón af, og að aðaláfrýjandinn á að bera ábyrgð af þessu tjóni, þá verða ekki heimtaðar hinar fyllstu sannanir af gagnáfrýjandanum fyrir upphæð hvers einstaks liðs í skaðabótakröfu hans, heldur aðeins, að hver þeirra um sig sje eðlileg afleiðing af verkinu, og að upphæð þeirra sje sennileg og sanngjörn, sbr, L. 5—2—88 og opið brjef 28. marz 1800, 2. gr. Yfirdómurinn verður þannig að vera undirdómaranum samþykkur um :

1. að kostnaður við að halda 2 varðmenn við veiðivjelar gagnáfrýjanda í Elliðaánum frá því að þær voru rifnar úr 25. júlí 1879 og þangaðtil að hann tók þær algjörlega upp 1. septbr. næst á eptir, sje eðlileg afleiðing af kistubrotinu, og eins og það er alkunnugt, og því ómótmælanlegt, að kostnaður þessi átti sjer stað, eins sje upphæð hans í alla staði sanngjörn ;
2. að kostnaðurinn til aðgjörðar á veiðivjelunum og við að setja þær niður aptur, sje bein afleiðing af kistubrotinu; og þar sem kostnaður þessi er metinn af 2 óvilhöllum dómkvöddum mönnum, þá hafi gagnáfrýjandinn fært fullnægjandi sönnun fyrir upphæð hans, án þess að það, eins og

hjer stendur á, geti komið til greina, þótt að aðaláfrýjandinn ekki væri kvaddur til að vera við staddur við skoðunargjörðina, eða þá er matsmennirnir voru útnefndir í rjettinum;

3. að veiðimissir þá daga, sem liðu frá því kisturnar voru rifnar upp og þangaðtil þær voru settar aptur niður í árnar, einnig sje bein afleiðing af kistubrotinu, og að gagnáfrýjandan-því einnig beri endurgjald fyrir hann, og þar sem endurgjald þetta er sett eptir meðaltali af því, sem veiðst hafði sömu dagana tvö næst undan farandi ár, þá verði ekki eptir atvikum heimtuð frekari sönnun um upphæð þessa.

Að því er loks snertir kröfu gagnáfrýjandans um bætur fyrir rýrnun á lánstrausti, þá verður yfirdómurinn einnig að vera á sama máli og undirdómarinn um það, að gagnáfrýjandanm beri slíkar bætur, því að það er augljóst, að þegar eins arðsöm eign og laxveiði gagnáfrýjandans í Elliðaánum verður fyrir þráföldum árasum og skemmdum, þá hljóti það að fella hana mjög í verði í augum manna, og af því er aptur eðlileg afleiðing, að lánstraust hans fyrir þá sök hlýtur að rýrna, og því fremur, sem hann er kaupmaður; verður yfirdómurinn einnig að vera því samdóma, að upphæð þessara bóta verði látin vera komin undir mati tveggja dómkvaddra, óvilhallra manna, er skynbera á, þó má hún ekki meiri vera en 500 krónur.

Samkvæmt öllu því. sem að framan er talið, ber að staðfesta undirrjettardóminn einnig að því ákvæði hans um málskostnað snertir, og ber aðaláfrýjandanum samkvæmt þessum úrslitum málsins

einnig að endurgjalda gagnáfrýjanda málskostnað fyrir yfirdómi, er virðist hæfilega metinn 30 krónur.

Því dæmist rjett að vera:

Undirrjettardómnum í máli þessu skal óraskað.

Í málskostnað fyrir yfirdómi greiði aðaláfrýjandinn, Kristinn bóndi Magnússon, gagnáfrýjandanum, kaupmanni H. Th. A. Thomsen, 30 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 30. janúarmán.

Nr. 28/1881

Hið opinbera

gegn

Jóhanni gestgjafa Veðholm

Dómur:

Með eigin játningu hins kærða Jóhanns Veðólms, gestgjafa á Ísafirði, er það löglega sannað, að hann sunnudaginn 4. septembermán. f. á., kl. 9 $\frac{1}{2}$ —10 um kvöldið, hafi veitt nokkrum norskum síldarveiðarmönnum áfenga drykki, og fyrir þetta er honum með dómi, kveðnum upp fyrir lögreglurjetti Ísafjardarkaupstaður 13. s. m. gjörð 10 kr. sekt til fátækra sjóðs nefnds kaupstaðar, en þeim dómi er eptir ósk hins kærða áfrýjað til yfirdómsins.

Þetta brot hins kærða sem með amtsúrskurði 24. maí 1880 hefur verið sektaður um 4 kr. fyrir samskonar lagabrot, er af undirdómaranum rjettilega heimfært undir tilskip. 28. marz 1855, 4. og 10. gr. sbr. opið brjef 26. septbr. 1860, því þar sem svo er komizt að orði í síðar nefndu lagaboði, að þau störf, skemmtanir og